



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2026

HEIM2BY05 (byrjunaráfangi í heimspeki)

Kennari: **Ragnheiður Eiríksdóttir (RE)** ragnheidure@fsu.is

Undanfari: Enginn

Áfangalýsing:

Hvernig vitum við að veruleikinn er eins og hann birtist okkur? Hvað er þekking? Hvað er sannleikur? Hvernig lifir maður góðu lífi? Er guð til? Hvað er rétt og rangt?

Í áfanganum verða teknir fyrir valdir þættir í heimspekisögunni, lögð er áhersla á að nemendur öðlist undirstöðuþekkingu á þróun heimspeki í gegnum mannskynssöguna ásamt grundvallarskilning á helstu heimspekikenningum sem hafa mótað viðhorf mannsins til siðferðis, frelsis, guðs og eðli heimsins í kringum hann.

Rökfræði, frumspeki, þekkingarfræði, siðfræði, fornaldarheimspeki, stjórn málaheimspeki og trúarheimspeki eru þær undirgreinar heimspekinnar sem verða kynntar í þessum áfanga.

Áhersla er lögð á sjálfstæða hugsun og vinnubrögð, nemendur eru hvattir til að horfa með gagnrýnum augum á námsefnið jafnt sem eigin skoðanir og viðhorf. Mikil áhersla verður lögð á umræður í tímum og því er góð mæting og virkni mjög mikilvæg. Verkefnavinna miðar að því að nemendur öðlist hæfni til að nýta eigin þekkingu og reynslu við úrlausn nýrra viðfangsefna.

Þekkingarviðmið - nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- völdum heimspekingum og heimspekikenningum
- mikilvægi gagnrýnnar hugsunar
- undirstöðuatríðum heimspekilegrar hugsunar
- lestri heimspekitemta
- heimspekilegum samræðum.

Leikniviðmið - nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- beita gagnrýnni hugsun
- meta eigin rök og annarra
- tjá sig heimspekilega og hlusta á aðra
- tengja heimspeki við eigin reynslu og veruleika.
- lesa heimspekitemta
- koma auga á og greina heimspekilegt inntak kvikmynda

Hæfniviðmið - nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- geta beitt gagnrýnni hugsun á markvissari hátt á ólíkum sviðum lífsins
- geta borið saman ólíkar skoðanir og rök til að komast að sameiginlegri niðurstöðu
- geta tileinkað sér nýja þekkingu á markvissari hátt
- geta miðlað torskildum fróðleik á skýran hátt
- skilja betur heiminn og samfélagi sem hann býr í
- beita heimspekilegum hugmyndum til þess að leysa úr siðferðislegum vandamálum.

Námsefni:

Kennslubókin *Heimspeki fyrir þig* eftir Ármann Halldórsson og Róbert Jack ásamt aukaefni sem dreift verður á Innu og kvikmyndir sem sýndar verða í tímum.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika	Dagsetning	Námsefni og viðfangsefni	Próf og verkefni
1-4	6-30. janúar	<ul style="list-style-type: none"> - Kennsla hefst mán. 12. janúar. - Námsáætlun áfangans kynnt - Fyrsti kafli – Heimspeki (rafrænt efni á Innu) - <i>Heimspeki fyrir þig</i> <ul style="list-style-type: none"> ○ 1. kafli – Rök ○ 2. kafli – Undrun 	<p>Verkefni 1: Heimspeki í umhverfinu – kynningar</p> <p>Verkefni 2: Rökvillur</p> <p>Próf 1: Kaflapróf úr 1. og 2. kafla</p>
5-8	2-27. febrúar	<ul style="list-style-type: none"> - <i>Heimspeki fyrir þig</i> 3. kafli – Sál - Kvikmyndin <i>The Matrix</i> 7. kafli – Breytni - Kvikmyndin <i>Gone Baby Gone</i> <p>Miðannarmat lokaskil 20. febrúar.</p> <p>Vorfrí 23. – 24. febrúar.</p> <p>Viðtöl við nemendur um miðannarmatið 25. febrúar</p> <p>Starfsþróunardagur í FÁ 27. febrúar.</p>	<p>Verkefni 3: Um The Matrix og heimspekina.</p> <p>Próf 2: Kaflapróf úr 3. og 7. kafla.</p> <p>Verkefni 4: - úr <i>Gone Baby Gone</i></p>
9-12		<ul style="list-style-type: none"> - <i>Heimspeki fyrir þig</i> <ul style="list-style-type: none"> ○ 11. kafli – Speki ○ 12. kafli - Vegur 	<p>Próf 3: Kaflapróf úr 11. og 12. kafla.</p>

	1-27. mars.	Áfangamessa 4. mars Miðannarmat fös. 8. mars Valdagur 11. mars Kátir dagar og Flóafár 18-20. mars. Kvikmyndin <i>Peaceful Warrior</i>	Kvikmyndaritgerð lögð fyrir.
13-16	7. -30. apríl	- <i>Heimspeki fyrir þig</i> <ul style="list-style-type: none"> ○ 13. kafli – Trú ○ 14. kafli - Tóm 	Verkefni 5: Lífstílaun í heimspeki Próf 4: Kaflapróf úr 13. og 14. kafla.
17-19	4.-24. maí	Dimissjón 8. maí Síðasti kennsludagur mið. 13. maí. Námsmatsdagar 15. - 19.maí Sjúkrapróf 20. maí. Brautskráning fös. 29. maí.	Lokaskil á kvikmyndaritgerð 11. maí.

Sérreglur áfangans:

Til að standast áfangan verður að taka minnst 3 af 4 kaflaprófum en öll 4 gilda til einkunnar. Ef nemandi er með skráð veikindi eða leyfi á próftíma er hægt að fá úthlutaðan tíma til að taka prófið en það er á ábyrgð nemenda að hafa samband við kennara og fá úthlutað öðrum tíma. Ef nemandi biður ekki um að fá að taka prófið á öðrum tíma innan viku frá prófdegi er gefið 0 í einkunn.

Öllum verkefnum skal skilað inn á Innu fyrir miðnætti á skiladag. Ef nemandi skilar of seint dregst 0,5 af einkunn fyrir hvern dag nema að nemandi hafi samið um annað við kennara fyrirfram.

Ef nemandi skilar færri en 3 af 5 verkefnum telst hann fallinn í áfanganum en öll verkefnin gilda til einkunnar.

Nauðsynlegt er að skila ritgerðinni og ná lágmarkseinkunn (4,5) til að standast áfangann.

Nemendur sem eru 20 ára og eldri og þeir sem eru með opið vottorð verða að gera formlegt samkomulag við kennara um mætingu og verkefnaskil.

Reglur um svindl og notkun gervigreindar

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/reglur-um-svindl-i-verkefnum-og-profum>

Ef að grunur um ritstuld og/eða óleyfilega notkun á gervigreind vaknar gætu nemendur þurft að gera munnlega grein fyrir verkefni/prófi.

Sömu reglur gilda um notkun gervigreindar við skrif og gilda um heimildaskráningu almennt. Reglur um heimildaskráningu má finna á heimasíðu skólans.

<https://www.fsu.is/is/namid/namskrofur-og-reglur/heimildaskraning-leidbeiningar>

Námsmat:

Námsþáttur	Lýsing á námsmati	Vægi
Kaflapróf 1-4	Eftir hverja 2 kafla er stutt próf úr þeim.	40%
Verkefni 1-5	Mis mikið vægi á hverju og einu, fer eftir umfangi	30%
Kvikmyndaritgerð	Ritgerð unnin bæði í tímum og heima, uppkasti skilað.	20%
Ástundun	Virgni, áhugi og mæting	10%
Samtals		100%

Námsmats- og prófsýningardagur

Námsmats- og prófsýningar alltaf við lok hvernar annar. Hvað er það?

Námsmats- og prófsýning er mikilvægur hluti af náminu því þar færðu:

- tækifæri til að sjá hvernig þér gekk.
- útskýringu á námsmati hvort sem um lokapróf eða símat er að ræða.
- ráðleggingar sem geta nýst þér í áframhaldandi námi.
- tækifæri til að gera athugasemd við niðurstöðu námsmatsins ef þér þykir hún ósanngjörn.

Kennsluáætlun er sett fram með fyrirvara um breytingar.

Reykjavík, 2. janúar 2026
Ragnheiður Eiríksdóttir